

# Aðalfundur Félags sumarhúsaeigenda við Langá.

## 24. ágúst 2024 í Borgarnesi.

Formaður setti fund kl: 14 og bauð fundarmenn velkomna og gerði að tillögu sinni að Harald B. Alfreðsson yrði fundarstjóri og formaður yrði ritari. Báðar tillögurnar voru samþykktar.

Til fundarins var löglega boðað, á Facebook.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins þ.e.a.s. hvort að minsta kosti 1/3 félagsmanna sé mættur, en u.þ.b 30 manns eru mættir á fundinn. Í samræmi við ákvörðun á undaförnum aðalfundum leggur fundarstjóri til að haldi verði áfram með fundinn, þrátt fyrir að hann sé ekki lögmættur, enda engin stórmál sem liggja fyrir. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri bar upp til samþykkis síðustu fundargerð aðalfundar, en hún hefur verið aðgengileg á heimasíðu félagsins frá því fljótlega eftir síðasta aðalfund og var hún samþykkt.

Fundarstjóri les upp dagskrá fundarins:

- Skýrsla stjórnar
- Reikningar félagsins og vatnsveitu bornir upp til samþykkis
- Kosning stjórnar
- Kosning meðstjórnarmanna og varamanna
- Rekstrar og framkvæmdaáætlun
- Ákvörðun árgjalds
- Önnur mál

## 1. Skýrsla stjórnar. Formaður Jón Elvar Guðmundsson las skýrslu stjórnar:

### Í stjórn sitja:

Jón Elvar Guðmundsson, formaður

Lárus Atlason

Arinbjörn Friðriksson

Fjóla Svavarsdóttir

Harald B. Alfreðsson

Varamenn í stjórn:

Samúel Guðmundsson

Lilja Theodórsdóttir

## 2. Skoðaðir reikningar félagsins og vatnsveitunnar lesnir upp.

Í fjarveru Fjólu Svavarsdóttir gjaldkera fór Jón Elvar Guðmundsson yfir reikningana.

|                               |         |
|-------------------------------|---------|
| Innkomin gr. Félagsgjöld 2023 | 356.000 |
| Gr. Félagsgjald v/2021        | 6000    |
| Innkomin drv.                 | 427     |
| Vextir af reikningi Landsb.   | 95.653  |
| Samtals Kr:                   | 458.080 |

|                         |        |
|-------------------------|--------|
| Gr.v/Internet           | 6.293  |
| Þjónustu og innheimtugj | 10.680 |
| Þóknun gjaldkera        | 30.000 |
| Fjármagnstekjuskattur   | 21.044 |
| Samtals Kr:             | 68.017 |

|                            |     |           |
|----------------------------|-----|-----------|
| Rekstrarafgangur           | Kr: | 390.063   |
| Inneign á bók 31. Des 2022 | Kr: | 4.490.653 |

### Vatnsveita

|                                             |     |                   |
|---------------------------------------------|-----|-------------------|
| Árið 2023 tengdust 2 nýir við vatnsveituna. | Kr: | 959.969           |
| Vextir af reikningi                         | Kr: | 446.760           |
| Tekjur samtals:                             | Kr. | <b>1.406.729</b>  |
| Fjármagnstekjuskattur                       | Kr: | -98.287           |
| Kostnaður vegna frosttappa (HP)             | Kr: | -835.834          |
| Kostnaður vegna frosttappa (BS velar)       | Kr: | -575.701          |
| Kostnaður samtals                           | Kr. | <b>-1.509.822</b> |
| Inneign á bók vatnsveitunnar 31 des 2023    | Kr: | 7.096.565         |

Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins og vatnsveitu bornir upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

### **3. Kosning formanns.**

Jón Elvar Guðmundsson gefur áfram kost á sér.

Og var hann samþykktur sem formaður áfram.

### **4. Kosning stjórnar.**

Lárus Atlason, Arinbjörn Friðriksson, Fjóla Svavarsdóttir og Harald B Alfreðsson gefa áfram kost á sér í stjórn og samþykkt með lófaklappi.

### **5. Kosning varamanna í stjórn.**

Samúel Guðmundsson og Lilja Theodórsdóttir tilnefnd og samþykkt með lófaklappi.

### **6. Kosning skoðunarmanna ársreikninga.**

Margrét G Andrésdóttir og Halldóra F Þorvaldsdóttir tilnefndar og samþykktar með lófaklappi.

### **7. Rekstrar og framkvæmdaráætlun næsta árs.**

Engar nýjar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

### **8. Árgjald félagsins.**

Ákveðið var að halda árgjaldi óbreyttu, kr. 4.000.-

### **9. Önnur mál.**

Málefni vatsveitu voru rædd og var fundurinn sammála um að ekki væri hægt að ganga úr vatnsveitu og fá endurgreitt.

Sökum einstakra aðstæðna við Stóra Árás austan 1 var samþykkt að félagið bæri kostnað við tengingu þeirrar lóðar við lóðarmörk en eigandi hefur lagt lögn að lóðarmörkum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.30

Jón Elvar Guðmundsson ritaði fundargerð.